

M-5/2011. Álit 23. júní 2011.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. júní sl. gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-5/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. janúar sl. barst kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni um álit frá X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, vegna kaupa á þvottavél hjá Y, hér eftir nefndur seljandi. Þvottavélin var keypt þann 1. apríl 2006 og kveður álitsbeiðandi galla hafa komið fram í vélinni þann 5. desember 2010. Álitsbeiðandi segir þvottavélina ónýta og krefst þess að seljandi láti honum í té nýja sambærilega þvottavél, ásamt því að verkstæðisreikningur vegna skoðunar á vélinni verði endurgreiddur af seljanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. þann 7. janúar sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 18. janúar. Andsvör seljanda bárust kæruneftndinni 20. janúar. Hinn 23. mars fékk álitsbeiðandi send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild til að gera athugasemdir vegna andvaranna.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti þvottavél af gerðinni Elektrolux, EWF 1229 hjá Y, seljanda, þann 1. apríl 2006 fyrir 54.995 kr. Í álitsbeiðni kemur fram að vélin hafi bilað þann 5. desember 2010 og sé nú ónýt. Það sé mat álitsbeiðanda að þvottavélar eigi að endast í lengur en fjögur ár og að þar sem að bilunin felist í stýringu og skjástýringu geti bilunin ekki stafað af slæmri meðferð á vélinni.

Álitsbeiðandi kveður seljanda ekki vilja afhenda sér nýja sambærilega vél í stað þeirrar ónýtu, né greiða fyrir skoðun verkstæðis vegna bilunar vélarinnar. Seljandi bjóði einungis afslátt af verði nýrrar þvottavélar sem álitsbeiðandi geti ekki sætt sig við.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Við þetta mál er litlu við að bæta sem áður hefur komið fram í gögnum sem fylgja þessu máli. Í boði var fyrir viðskiptavin sem viðurkenning á því að vélin hefði kannski átt að endast lengur að Y tæki þátt í viðgerðarreikningi eða kæmi verulega til móts við viðskiptavin í nýrri þvottavél. Taka verður tillit til þess að viðskiptavinur hefur haft af tækinu ótakmörkuð not af í rúm 4 og hálf t. Álitsbeiðni viðskiptavinar er því hafnað af Y.“

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í b-lið 2. mgr. segir að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Kærunefndin telur að í skilningi framangreindra lagaákvæða sé þvottavélin gölluð, auk þess andsvör seljanda verða vart öðruvísi skilin en að hann sé sama sinnis.

Í 6. kafli neytendakaupalaga er fjallað um þau úrræði sem neytandi hefur ef söluhlutur reynist gallaður. Kemur fram í 27. gr. að neytandi þarf að tilkynna um gallann innan tiltekinna tímamarka til að geta beitt þeim úrræðum sem löggin tiltaka. Segir svo í 2. mgr. 27. gr.:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Í athugasemdum við 27. gr. fúmvarpsins sem varð að neytendakaupalögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

Reglunni er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. Það getur gerst að verulegir gallar komi ekki í ljós fyrr en löngu eftir afhendingu. Getur þá verið ósanngjarnt ef neytanda er með öllu ómögulegt að bera gallann fyrir sig ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð hans var.

Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.

Eðlilegur endingartími þvottavéla getur vissulega verið mismunandi eftir tegundum og erfitt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hvað sé eðlilegt í þeim efnum. Í þessu máli er um að ræða rúmlega fjögurra og hálfis árs gamla þvottavél sem bilaði með svo alvarlegum hætti að hún telst ónýtt. Kærunefndin telur að búast megi við því að þvottavél þeirrar tegundar sem áljtsbeiðandi keypti dugi í lengri tíma en raunin varð, enda hafa Electrolux raftæki almennt verið talin vönduð og endingargóð. Með tilliti til atvika málsins, eðli bilunarinnar og framangreindar athugasemdir í lagafrumvarpi við 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, er það niðurstaða kærunefndarinnar að áljtsbeiðandi hafi ekki glatað rétti til að bera fyrir sig gallann

á þvottavélinni. Álítur kærunefndin því að fimm ára kvörtunarregla neytendakaupalaga eigi við um þvottavélina sem álitsbeiðandi keypti.

Álitsbeiðandi hefur krafist afhendingar nýrrar sambærilegrar þvottavélar í stað þeirrar gölluðu úr höndum seljanda. Í 29. gr. neytendakaupalaga kemur fram að neytandi geti valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda. Þar sem óumdeilt er í málinu að hin gallaða þvottavél telst ónýt og hefur þegar verið fargað, stendur ekkert því í vegi að fallast megi á kröfu álitsbeiðanda um nýja afhendingu. Er því fallist á þann hluta kröfu álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi hefur einnig krafist greiðslu á reikningi frá verkstæðinu Z vegna skoðunar á þvottavélinni eftir að bilunin kom fram. Samkvæmt 33. gr. neytendakaupalaga getur neytandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann býður vegna galla á söluhlut. Í 52. gr. laganna er svo kveðið á um umfang skaðabótanna, en þær skulu svara til þess tjóns sem aðili býður vegna vanefnda gagnaðila, þ.m.t. vegna „útgjalda“ í tengslum við galla. Í athugasemdum við 52. gr. frumvarpsins sem varð að neytendakaupalögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

Undir útgjöld í 1. mgr. fellur kostnaður sem aðili hefur orðið fyrir vegna vanefndanna, t.d. kostnaður vegna póst- og skeytasendinga, flutninga og ferðalaga. Einnig getur fallið hér undir kostnaður við að staðreyna tjón og umfang þess eða kostnaður við að senda hlutinn aftur til seljanda til viðgerðar.

Með vísan í framangreint er það niðurstaða kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á að fá bættan þann kostnað sem á hann féll þegar þvottavélin var skoðuð. Var það nauðsynlegur þáttur í því að staðreyna gallann og umfang hans.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, leggi X í té nýja sambærilega þvottavél við þá sem gölluð var. Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda 10.080 kr. vegna reiknings frá verkstæðinu Z.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Ólafur Reynir Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir